

Greinargerð með
fjárhagsáætlun
Grundarfjarðarbæjar
2025



Efnisyfirlit

Forsendur	2
Aðalsjóður	4
Skatttekjur	4
Félagsþjónusta	6
Fræðslu- og uppeldismál	8
Menningarmál	10
Æskulýðs- og íþróttamál	12
Brunamál og almannavarnir	14
Hreinlætismál	15
Skipulags- og byggingarmál	16
Umferðar- og samgöngumál	17
Umhverfismál	18
Atvinnumál	19
Sameiginlegur kostnaður	21
Breyting lífeyrisskuldbindinga	23
Fjármagnsgjöld	23
A-hluta sjóðir	24
B-hluta sjóðir	25
Niðurlag	27



Forsendur

Helstu forsendur fjárhagsáætlunarinnar:

- Álagningarhlutfall útsvars er 14,97%, sem er sama álagningarprósenta og árið 2024.
- Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir 3,8% hækkun á vísitölu neysluverðs og 5,6% hækkun á launa-vísitölu. Skv. sömu spá er gert ráð fyrir 5,9% hækkun vísitölu neysluverðs og 6,4% hækkun launavísitölu á árinu 2024. Skv. spánni er óvissa um verðbólgu- og vaxtaþróun og í því samhengi þróun húsnæðisverðs.
- Þjónustugjaldskrár hækka almennt um 3,5%. Sumar gjaldskrár haldast þó óbreyttar, en einstaka gjaldskrár hækka meira, þar sem þær hafa lengi verið lágar.
- Gert er ráð fyrir svipuðum fjölda stöðugilda á áður, eða 66 stöðugildum í samstæðu Grundarfjarðarbæjar.
- Álagning fasteignagjalda verður óbreytt milli ára 2024 og 2025, að öðru leiti en því að gjaldskrá sorpgjalda hækkar miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs. Skv. nýjum lögum um úrgangsmál er sveitarfélögum skylt að taka upp fjögurra tunnu flokkun við húsvegg íbúa og að setja um söfnunarstöðvar. Þá er ekki lengur heimilt að málaflokkurinn standi ekki undir sér. Fjögurra tunnu flokkun við húsvegg íbúa og söfnunarstöðvar eru komnar í framkvæmd.
 - Álagningarhlutfall fasteignaskatts íbúðarhúsnæðis A er 0,5%, opinbers húsnæðis B er 1,32% og atvinnuhúsnæðis C er 1,65%.
 - Álagningarhlutfall lóðarleigu íbúðarhúsnæðis A er 2,0%, opinbers húsnæðis B er 2,0% og atvinnuhúsnæðis C er 4,0%. Lóðarleiga ræktunarlands er 3,0%.
 - Álagningarhlutfall fráveitugjalda íbúðarhúsnæðis A er 0,2%, opinbers húsnæðis B er 0,3% og atvinnuhúsnæðis C er 0,4%.
 - Sorpgjald er 87.908 kr. á ári fyrir heimili með fjórar tunnur og sorpgjald sumarhúsa 43.056 kr. á ári. Sorpgjald heimila skiptist þannig: fastagjald 34.201 kr., tunna fyrir óflokkað sorp 22.912 kr., tunna fyrir plast 10.405 kr., tunna fyrir pappa 10.405 kr. og tunna fyrir lífrænan úrgang 9.985 kr. Í undantekningatilfellum er hægt að fá tvískipta tunnu á 45.824 kr. Breytingagjald er 4.204 kr. og skrefagjald (umfram 15 m.) 50% á ílát.
- Í fjárfestingar er ráðgert að verja 296,2 millj. kr. Helst er þar að nefna áframhaldandi lagfæringar á húsnæði grunnskóla og leikskóla, íþróttahúss og sundlaugar, íþróttavallar, og annars húsnæðis bæjarins, áframhald orkuskipta sem ráðgert er að ljúki á árinu, endurbætur á götum og gangstéttum og skipulagsmál. Auk þess er miðað við að verja fé í hafnarframkvæmdir, fráveitu og íbúðir eldri borgara, auk tækjakaupa slökkviliðs og annarra stofnana.
- Áfram verður gætt aðhalds í rekstri og hagkvæmni í innkaupum. Fjárhagsáætlun er unnin í samráði við forstöðumenn deilda og stofnana. Megin markmið áætlunar er að sinna vel öllum lögboðnum rekstri sveitarfélagsins, halda við eignum og vinna að brýnustu framkvæmdum í sveitarfélaginu.
- Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A- og B-hluta samstæðu verði með 77,0 millj. kr. afgangi og að rekstrarniðurstaða A-hluta verði með 38,3 millj. kr. afgangi.
- Í rekstraryfirliti fjárhagsáætlunar ársins 2025 kemur fram að heildartekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar 1.884,7 millj. kr. Laun eru áætluð 996,4 millj. kr., önnur rekstrargjöld 606,5 millj. kr. og afskriftir 85,8 millj. kr. Rekstrarniðurstaða áætlunarinnar er því jákvæð um 196,0 millj. kr. fyrir fjármagnsliði. Fjármagnsgjöld eru áætluð 119,0 millj. kr., þannig að þegar tekið hefur verið tillit til þeirra er rekstrarniðurstaða samstæðunnar jákvæð um 77,0 millj. kr.




- Í sjóðsstreymisyfirliti áætlunarinnar kemur fram að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum og áföllum en ógreiddum verðbótum og gengismun og öðrum breytingum á skuldbindingum að veltufé frá rekstri er 250,0 millj. kr. Þessi fjárhæð nýtist síðan til afborgana lána og nauðsynlegra fjárfestinga sem brýnt er talið að ráðast í á árinu 2024. Ráðgert er að fjárfestingar nettó verði 296,2 millj. kr. og afborganir lána 141,3 millj. kr. og að tekin verði ný lán að fjárhæð 200 millj. kr. Að öllu þessu töldu er aukning á handbæru fé um 11,0 millj. kr. en í upphafi árs er ráðgert að það verði 69,7 millj. kr. Handbært fé í árslok ársins 2025 er því áætlað 80,7 millj. kr. gangi fjárhagáætlun ársins 2025 fram eins og ráðgert er.



Aðalsjóður

Skatttekjur

Skatttekjur	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Útsvar	668.811	699.762	30.951	4,6%
Fasteignaskattur	140.898	154.381	13.483	9,6%
Jöfnunarsjóður	397.286	438.159	40.873	10,3%
Lóðarleiga	47.709	52.907	5.198	10,9%
Samtals	1.254.704	1.345.209	90.505	7,2%



Útsvar

Upplýsingar um breytingu útsvarsstofns milli ára koma frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og einnig er miðað við spá Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áætlað er að útsvar ársins 2025 hækki um 4,6% milli árána 2024 og 2025, sem er í samræmi við hækkun ársins 2024. Búast má við að hækkun útsvars haldist í hendur við launaþróun. Gengisþróun og fiskverð vigta mikið í launum hér í Grundarfirði. Gert er ráð fyrir að öðru leyti að útsvar í Grundarfirði hækki með sambærilegum hætti eins og landsmeðaltal gerir ráð fyrir.

Fasteignaskattur og lóðarleiga

Álagningarpróscentur fasteignaskatts og lóðarleigu er óbreytt frá fyrra ári. Álagning fasteignaskatts A er 0,5%, álagning fasteignaskatts B er 1,32 % og fasteignaskattur C er 1,65%. Lóðarleiga A er 2,0%, lóðarleiga B er 2,0%, lóðarleiga C er 4,0% og lóðarleiga ræktunarlands er 3,0%.




Jöfnunarsjóður

Áætluð heildarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru byggð á áætlun sem Jöfnunarsjóðurinn gerir. Skv. áætluninni hækka heildarframlög um 40,8 millj. kr., sem er 10,3%. Gert er ráð fyrir að útgjaldajöfnunarframlag hækki um 15,2 millj. kr. og jöfnunarframlag til reksturs grunnskóla hækki um 18,5 millj. kr. Önnur framlög hækka minna eða lækka.

Framlög Jöfnunarsjóðs skiptast á eftirfarandi hátt:


Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Tekjujöfnunarframlag	10.003	0	-10.003	-100,0%
Útgjaldajöfnunarframlag	160.353	175.606	15.253	9,5%
Framlag vegna nýbúafræðslu	2.677	3.720	1.043	39,0%
Jöfnunarframlag til reksturs grunnskóla	138.324	156.815	18.491	13,4%
Framlag vegna sérparfa fatlaðra nemenda	6.051	11.927	5.876	97,1%
Fasteignaskattsjöfnun	76.986	81.298	4.312	5,6%
Sérstakt framlag	2.892	8.793	5.901	204,0%
Samtals	397.286	438.159	40.873	10,3%





Félagsþjónusta

Félagsþjónusta	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Framlag til Félagsþjónustu Snæfellinga	25.762	30.920	5.158	20,0%
Félagsleg aðstoð	11.821	12.109	288	2,4%
Þjónusta við börn og unglinga	5.542	5.781	239	4,3%
Þjónusta við aldraða	13.193	15.501	2.308	17,5%
Þjónusta við fatlaða	79.466	80.564	1.098	1,4%
Ýmsir styrkir og framlög	110	130	20	18,2%
Samtals	135.894	145.005	9.111	6,7%



Framlag til Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga (FSS)

Framlagi til FSS er skipt í tvennt, og er 85% verið bókað vegna félagsþjónustu og 15% vegna skólaþjónustu. Framlag vegna ársins 2025 hækkar um 20% milli ára vegna aukinna umsvifa FSS í málefnum fatlaðs fólks og annarrar þjónustu.

Félagsleg aðstoð

Á þennan lið hefur verið færð fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur og félagsleg heimþjónusta, sem getur verið breytileg milli ára.

Þjónusta við börn og unglinga

Gert er ráð fyrir sambærilegri þjónustu við börn og unglinga, en ráðgert var á árinu 2024. Sú þjónusta er skipulögð af FSS og er eftir þörfum hverju sinni.



Þjónusta við aldraða

Þjónusta við aldraða skiptist í framlag til Dvalarheimilisins Fellaskjól, heimaþjónustu aldraðra og tómsundastarf aldraðra. Gert er ráð fyrir 2,3 millj. kr. hækkun kostnaðar milli ára, sem er 17,5%.

Þjónusta við fatlaða

Málefni fatlaðra sem sveitarfélögin tóku yfir eru í umsjón Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Stór hluti kostnaðar vegna þessa er brúaður með sérstakri heimild til hækkunar á útsvari sveitarfélaga, sem kemur fram í tekjuhlið áætlunarinnar og færast síðan út sem útgjöld undir málefnum fatlaðra í gjaldahlið áætlunarinnar. Alls er áætlað til þessa málaflokks 80,5 millj. kr.

Ýmsir styrkir og framlög


Gert er ráð fyrir svipuðu framlagi og árið 2024. Um er að ræða lögbundnar greiðslur í orlofssjóð húsmæðra og ýmsan ófyrirséðan kostnað vegna félagslegrar þjónustu.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins í heild hækki um 6,7%



Fræðslu- og uppeldismál

Fræðslu- og uppeldismál	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Skólanefnd	3.451	2.037	-1.414	-41,0%
Skólaþjónusta	4.546	5.460	914	20,1%
Leikskóli	179.047	181.836	2.789	1,6%
Grunnskólamál	352.373	364.383	12.010	3,4%
Eldhamrar	26.759	34.509	7.750	29,0%
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	9.700	10.700	1.000	10,3%
Tónlistarskóli	37.494	41.739	4.245	11,3%
Umferðarskólinn	35	35	0	0,0%
Samtals	613.405	640.699	27.294	4,4%



Skólanefnd

Skólanefnd skipa fimm fulltrúar og fundar nefndin eftir þörfum að jafnaði um sex sinnum á ári. Nefndin fer með málefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Ný skólastefna var gerð árið 2023 og lokið við hana árið 2024. Kostnaður vegna þeirrar vinnu var færður á nefndina, sem skýrir lækkun kostnaðar á þessum lið.

Skólaþjónusta

Um er að ræða kostnað við skólaþjónustu hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga (FSS). Framlag til skólaþjónustu hækkar milli ára, sem er í samræmi við hærra heildarframlag til Félags- og skólaþjónustu.



Leikskóli

Í leikskólanum eru 39 nemendur og eru allflestir í heilsdagsvistun. Meðalvistunartími er um 8 klst. á dag. Stöðugildi við leikskólann eru nú um 15,4 og gert er ráð fyrir heldur færri stöðugildum á árinu 2025, 14,9 á vorönn og 15,7 á haustönn. Gjöld fyrir leikskólavist hækka nú um 3,5% milli ára, eftir að hafa verið lækkuð á árinu 2024 frá upphaflegri breytingu milli ára. Gert er ráð fyrir að útgjöld leikskólans aukist um 2,8 millj. kr. milli ára, sem er 1,6%.

Grunnskólamál

Nemendur grunnskólans eru nú 113 talsins. Rekstur skólans hefur verið góður og stenst hann vel samanburð við aðra skóla af sambærilegri stærð. Kennarar og stjórnendur við grunnskólann eru 16 í 15,5 stöðugildum. Annað starfsfólk er tíu í 7,0 stöðugildum. Gert er ráð fyrir að útgjöld skólans aukist um 12,0 millj. kr. milli áráanna 2024 og 2025, sem er 3,4%. Undir liðnum grunnskólamál eru málefni grunnskólans, heilsdagsskóla og skólamáltíða.

Leikskóladeildin Eldhamrar

Á Eldhömrum eru 18 börn. Ánægja hefur verið með starfsemi leikskóla innan grunnskólans og nemendur njóta góðs af því að eiga kost á að nýta innanhússaðstöðu grunnskóla, tónlistarskóla og íþróttamannvirkja. Á deildinni starfa fjórir starfsmenn í 3,75 stöðugildum. Áætlaður kostnaður við deildina hækkar um 7,7 millj. kr., sem er 29%, og er fyrst og fremst vegna fjölgunar barna.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Um er að ræða húsaleigu og framlag vegna skólaaksturs. Grundarfjarðarbær greiðir húsaleigu vegna skólabyggingar FSN ásamt öðrum sveitarfélögum á Snæfellsnesi, auk þess að taka þátt í kostnaði við skólaakstur, en sá kostnaður hefur aukist undanfarin ár.

Tónlistarskóli

Fjöldi nemenda tónlistarskólans eru 42 talsins. Starfandi kennarar eru fjórir í 3,3 stöðugildum, en voru í 3,1 stöðugildum stærstan hluta ársins 2024. Af þeim sökum er áætlað er að kostnaður tónlistarskólans hækki um 4,2 millj. kr., sem er 11,3% milli áráanna 2024 og 2025.

Umferðarskólinn


Hér er um lögbundið framlag að ræða til umferðarskólans „ungir vegfarendur“.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins í heild aukist um 4,4%.



Menningarmál

Menningarmál	Útkomuspá	Áætlun	Breyting kr.	Breyting %
	2024	2025		
Menningarnefnd	934	1.206	272	29,1%
Bókasafn	11.974	12.968	994	8,3%
Bæringsstofa	0	0	0	#DIV/0!
Eyrbyggja, sögumiðstöð	0	0	0	#DIV/0!
Samkomuhús	8.462	9.797	1.335	15,8%
Hátíðir	1.800	2.160	360	20,0%
Ýmsir styrkir	4.200	4.800	600	14,3%
Samtals	27.370	30.931	3.561	13,0%



Menningarnefnd

Í menningarnefnd sitja þrjú fulltrúar. Gert er ráð fyrir fleiri fundum nefndarinnar árið 2025. Nefndin fer m.a. með málefni bókasafns, menningarhúsa og menningarmála.

Bókasafn

Bókasafnið er sem kunnugt er staðsett í Sögumiðstöð. Gert er ráð fyrir 994 þús. kr. aukningu á kostnaði við rekstur bókasafnsins á árinu 2025, sem er 8,3%.

Samkomuhús

Stórtækar framkvæmdir hafa verið í húsinu á síðustu árum. Stór hluti tekna hússins er vegna eigin nota, þ.e. stofnanir bæjarins og félög sem bærinn styrkir. Gert er ráð fyrir 1,3 millj. kr. aukningu á kostnaði við rekstur hússins, eða 15,8%.



Hátíðir og ýmsir styrkir


Framlag til hátíða eru vegna þjóðhátíðar 17. júní, bæjarhátíðarinnar „Á góðri stund“, Rökkurdaga og fleiri tilfallandi hátíða. Styrkir eru bæði fjárframlög og húsnæðisstyrkir. Gert er ráð fyrir nokkurri hækkun á báðum liðum, eða 960 þús. kr. hækkun kostnaðar.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 13,0% milli ára.



Æskulýðs- og íþróttamál

Æskulýðs- og íþróttamál	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Íþróttá- og tómstundanevnd	1.203	1.045	-158	-13,1%
Íþróttá- og tómstundamál	15.280	15.574	294	1,9%
Sumarnámsk., vinnusk, og önnur æskul.mál	6.127	8.338	2.211	36,1%
Félagsmiðstöðin Eden	4.452	5.758	1.306	29,3%
Ungmennaráð	707	709	2	0,3%
Íþróttahús og sundlaug	48.758	51.864	3.106	6,4%
Íþróttavellir	6.955	7.105	150	2,2%
UMFG	11.364	11.853	489	4,3%
Ýmsir styrkir	10.986	8.885	-2.101	-19,1%
Samtals	105.832	111.131	5.299	5,0%



Íþróttá- og tómstundanevnd

Í þróttá- og tómstundanevnd sitja þrjú fulltrúar. Gert er ráð fyrir færri fundum nefndarinnar árið 2025.

Íþróttá- og tómstundmál

Framlög vegna íþróttá- og tómstundafulltrúa eru færð á þennan lið. Gert er ráð fyrir 1,9% kostnaðar- aukningar milli ára.



Sumarnámskeið, vinnuskóli og önnur æskulýðsmál

Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag sumarnámskeiða og vinnuskóla verði með svipuðu sniði og sumarið 2024, en síðustu ár hefur framboð sumarnámskeiða verið aukið verulega. Áætluð kostnaðaraukning milli ára er um 2,2 millj. kr. eða 36,1%.

Félagsmiðstöðin Eden

Félagsmiðstöðin starfar í húsnæði grunnskólans. Í miðstöðinni starfa þrjú leiðbeinendur í hlutastörfum. Gert er ráð fyrir að kostnaður aukist um 1,3 millj. kr. eða 29,3% milli ára vegna fjölgunar barna og unglinga sem sækja miðstöðina.

Ungmennaráð

Gert er ráð fyrir svipuðum kostnaði við ungmennaráð, en ráðið hefur haldið nokkra fundi á síðustu árum.

Íþróttahús og sundlaug

Rekstur íþróttahúss og sundlaugar er sveitarfélaginu dýr enda hefur sundlaugin verið olíukynnt um árabíl. Það horfir nú til betri vegar þegar orkuskiptin verða að veruleika á árinu 2025. Áætlun 2025 gerir ráð fyrir 5,3 millj. kr. hærri kostnaði en árið 2024, eða 6,4%.

Íþróttavellir

Um er að ræða kostnað við umhirðu og umsjón íþróttavallar, sparkvallar og ærslabelgs. Gert er ráð fyrir svipuðum kostnaði og árið 2024.

UMFG

Gegnum árin hefur UMFG verið veittur styrkur í formi beins fjárframlags auk húsaleigustyrks vegna leigu á íþróttahúsi og annars húsnæðis bæjarins.

Ýmsir styrkir


Um er að ræða styrki til annarra félaga og íþróttamála. Viðbótarframlag til golfklúbbsins að fjárhæð 8 millj. kr. vegna kaupa á jörð fyrir golfvöll var samþykkt með viðauka á árinu 2024. Áframhaldandi árlegt framlag vegna þessa næstu átta árin er 5 millj. kr. á ári og breytist árlega miðað við vísitölu neysluverðs.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 5,0% milli ára.



Brunamál og almannavarnir

Brunamál og almannavarnir	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Slökkvilið	36.546	55.287	18.741	51,3%
Eldvarnareftirlit	0	0	0	#DIV/0!
Styrkir	1.700	1.770	70	4,1%
Samtals	38.246	57.057	18.811	49,2%



Slökkvilið

Kostnaður við slökkvilið hefur hækkað nokkuð á undanförunum árum. Slökkviliðið hefur einnig eflst talsvert og eru nú fleiri slökkviliðsmenn með full réttindi en áður var. Unnið hefur verið eftir brunavarnaráætlun og jafnframt unnið að frekari forvörnum auk þess sem sérstakar úttektir hafa verið gerðar á stærri eldhættum í sveitarfélaginu. Öll vinna af þessu tagi eykur öryggi í eldvörnum sveitarfélagsins. Á árinu 2025 er gert ráð fyrir 18,7 millj. kr. hækkun kostnaðar milli ára, m.a. vegna ráðningar slökkviliðsstjóra í hækkað starfshlutfall frá hausti 2024.

Eldvarnareftirlit

Slökkviliðið hefur sjálft sinnt eldvarnareftirliti.

Björgunarsveitin Klakkur

Um er að ræða styrk til greiðslu fasteignagjalda auk beins fjárframlags til sveitarinnar, sem er sambærilegt og árið 2024.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 49,2% milli ára.



Hreinlætismál

Hreinlætismál	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	1.065	1.010	-55	-5,2%
Eftirlit með hunda- og kattahaldi	-200	0	200	-100,0%
Samtals	865	1.010	145	16,8%

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Kostnaður er samkvæmt rekstraráætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, en framlag lækkar milli ára.

Eftirlit með hunda- og kattahaldi

Miðað er við að hunda- og kattaleyfisgjöld standi undir kostnaði við hunda- og kattahald, sem innifelur árlegar dýraskoðanir, tryggingar, umsjón, leigu á hundagerði o.fl.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 16,8% sem er 145 þús. kr.



Skipulags- og byggingarmál

Skipulags- og byggingarmál	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Skipulagsmál	1.000	1.000	0	0,0%
Skipulags- og umhverfisnefnd	2.363	3.180	817	34,6%
Skipulags- og byggingarfulltrúi	29.374	31.554	2.180	7,4%
Reiknuð innri leiga á landi	25.944	31.953	6.009	23,2%
Samtals	58.681	67.687	9.006	15,3%



Skipulagsmál

Um er að ræða sérfræðikostnað vegna aðalskipulags og deiliskipulags.

Skipulags- og umhverfisnefnd

Kostnaður vegna nefndarinnar er áætlaður hærri en árið 2024, þar sem gert er ráð fyrir fleiri fundum vegna ýmis konar skipulagsvinnu sem er í gangi. Í nefndinni eru fimm fulltrúar og kostnaður fer eftir fjölda funda. Áætluð aukning á kostnaði er 817 þús. kr.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Ekki er lengur sameiginlegt embætti skipulags- og byggingarmála með öðrum sveitarfélögum. Því hafa verktakar sinnt sérfræðistörfum, en gert er ráð fyrir ráðningum starfsfólks á sviðið á komandi ári. Aukning kostnaðar er áætluð 2,2 millj. kr., sem er 7,4% hækkun.

Reiknuð innri leiga á landi


Um er að ræða færslu innan bókhalds sveitarfélagsins á reiknaðri leigu lands, sem breytist nokkuð milli ára.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 15,3% milli áætlana.



Umferðar- og samgöngumál

Umferðar- og samgöngumál	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Innri leiga gatnakerfis	32.894	33.355	461	1,4%
Viðhald og rekstur gatna	510	344	-166	-32,5%
Götulýsing	2.300	2.800	500	21,7%
Snjómokstur og hálkueyðing	18.100	13.440	-4.660	-25,7%
Framlag til áhaldahúss	17.654	23.536	5.882	33,3%
Samtals	71.458	73.475	2.017	2,8%



Innri leiga gatnakerfis

Um er að ræða millifærða innri leigu, sem breytist líti milli ára.

Viðhald og rekstur gatna

Gert er ráð fyrir svipuðum umsvifum í viðhaldi og rekstri gatna.

Götulýsing

Gert er ráð fyrir 500 þús. kr. auknum kostnaði við götulýsingu milli ára. Kostnaður vegna götulýsingar hefur hækkað verulega undanfarin ár en nokkurri hagræðingu hefur verið náð með því að stytta tíma götulýsingar. Skipt var yfir í led-lýsingu.

Snjómokstur og hálkueyðing

Áætlun byggist á reynslu undanfarinna ára. Erfitt getur verið að spá um þennan lið, sem algerlega er háður aðgerðum veðurguðanna. Áætlun 2024 var hækkuð verulega með viðauka við fjárhagsáætlun enda verulega snjópungt fyrri hluta ársins, sem skýrir lækkun milli áætlana.

Framlag til áhaldahúss


Framlag til áhaldahúss er fært á þessa deild, en gert er ráð fyrir hækkun framlags milli ára um 5,8 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 2,8% milli ára.



Umhverfismál

Umhverfismál	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Opin svæði	13.635	14.227	592	4,3%
Geymslusvæði	656	656	0	0,0%
Minka- og refaeyðing	689	689	0	0,0%
Samtals	14.980	15.572	592	4,0%



Opín svæði

Gert er ráð fyrir að umsvif verði með svipuðu sniði og árið 2024.

Geymslusvæði, jólaskeytingar o.fl.

Gert er ráð fyrir að umsvif verði með svipuðu sniði og árið 2024.

Minnka- og refaeyðing


Miðað er við svipaðan kostnað við minnka- og refaveiði.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 4,0% milli ára.



Atvinnumál

Atvinnumál	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Menningar- og markaðsfulltrúi	3.762	2.616	-1.146	-30,5%
Fjallskil og fjárgirðingar	1.220	1.220	0	0,0%
Tjaldsvæði	-231	1.208	1.439	-622,9%
Almenningssalerni	-1.350	-687	663	-49,1%
Jarðhitamál	1.000	1.000	0	0,0%
Ýmsir styrkir	4.863	4.940	77	1,6%
Samtals	9.264	10.297	1.033	11,2%



Markaðsfulltrúi

Menningar- og markaðsmál bókast á þennan lið og áfram er gert ráð fyrir kostnaði til menningar- og markaðsmála, en gert er ráð fyrir lægra framlagi vegna breytinga á starfsmannahaldi.

Fjallskil og fjárgirðingar

Um er að ræða framlag sem byggir á reynslu undanfarinna ára og gert ráð fyrir svipuðum umsvifum.

Tjaldsvæði

Mikil umsvif hafa verið á tjaldsvæðinu og uppbygging verið í gangi. Gert er ráð fyrir auknum kostnaði en að öðru leyti svipuðum rekstri og á yfirstandandi ári.

Almenningssalerni

Rekin hafa verið almenningssalerni í Samkomuhúsi Grundarfjarðar síðustu ár. Gert er ráð fyrir auknum kostnaði árið 2025.

Jarðhitamál

Um er að ræða varúðarframlag vegna jarðhitamála.



Ýmsir styrkir


Um er að ræða framlag bæjarins vegna reksturs Svæðisgarðsins Snæfellsnes.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 11,2% milli ára.



Sameiginlegur kostnaður

Sameiginlegur kostnaður	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Bæjarstjórn	25.408	28.601	3.193	12,6%
Endurskoðun	5.650	5.850	200	3,5%
Kosningar	0	0	0	#DIV/0!
Bæjarskrifstofa	75.320	76.563	1.243	1,7%
Innheimtukostnaður	3.850	4.550	700	18,2%
Ýmis útgjöld	5.500	6.720	1.220	22,2%
Starfsmannakostnaður	5.060	5.650	590	11,7%
Samtök sveitarfélaga	8.115	8.130	15	0,2%
Vinabæjarsamskipti	1.519	300	-1.219	-80,3%
Ýmsir styrkir	2.167	2.284	117	5,4%
Samtals	132.589	138.648	6.059	4,6%



Bæjarstjórn

Kostnaður ræðst að mestu á fjölda funda. Gert er ráð fyrir fleiri fundum en árið 2024.

Endurskoðun

Gert er ráð fyrir sambærilegum kostnaði og verið hefur.

Bæjarskrifstofa

Áætlun gerir ráð fyrir raunhæfri breytingu milli ára. Leitast hefur verið við að hagræða sem frekast er kostur.



Innheimtukostnaður

Um er að ræða þóknun til ríkisins vegna innheimtu á útsvari og gert ráð fyrir 700 þús. kr. auknum kostnaði.

Ýmis útgjöld

Hér er gert ráð fyrir auknum kostnaði við fasteignaskrá, þjóðskrá og persónuvernd, sem nemur 1.220 þús. kr.

Starfsmannakostnaður

Hér er einkum kostnaður vegna árshátíðar, námskeiða og endurmenntunar, jólagjafa og annars kostnaðar vegna starfsmanna, auk kostnaður vegna kjarasamninga.

Samtök sveitarfélaga

Um er að ræða samningsbundin framlög vegna Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum og Héraðsnefndar Snæfellinga.

Vinabæjarsamskipti

Kostnaður vegna vinabæjarsamskipta hefur verið lágur síðustu ár, en árið 2024 voru fulltrúar bæjarins sendir til Paimpol í tilefni af 20 ára afmælis vinabæjarsambandsins. Gert er ráð fyrir lægri kostnaði árið 2025.

Ýmsir styrkir

Bæjarstjórn ákvað að setja eina millj. kr. árið 2022 í uppbyggingarsjóð vegna menningar-, íþrótt- og félagsstarfs. Síðan yrði árlegt sambærilegt verðbætt framlag í samræmi við eldri samning um Eyrbyggju-sögumiðstöð, en því samkomulagi lauk árið 2022. Úthlutað verður úr sjóðnum árið 2025.

Áætlun gerir ráð fyrir að kostnaður við málaflokkinn hækki um 4,6%.



Breyting lífeyrisskuldbindinga

Breyting lífeyrisskuldbindinga	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Breyting lífeyrisskuldbindinga	18.191	19.941	1.750	9,6%
Samtals	18.191	19.941	1.750	9,6%

Framlag vegna lífeyrisskuldbindinga getur verið breytilegt milli ára, sem er í takt við launaþróun. Um er að ræða tryggingafræðilegan útreikning á breytingu framlags vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Gert er ráð fyrir hækkun miðað við áætlaðar verðlagsbreytingar.

Í upphafi ársins 2018 fór fram uppgjör við lífeyrissjóðinn Brú, sem er lögbundið. Niðurstaðan var sú að 49,1 millj. kr. voru gjaldfærðar á árinu 2017, þrátt fyrir að uppgjörið hafi ekki borist fyrr en í byrjun árs 2018. Heildarframlag Grundarfjarðarbæjar nam 180,6 millj. kr., sem greitt var með lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga.

Framlagið skiptist í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð. Framlag í jafnvægisjóð að fjárhæð 46.378 þús. kr. var gjaldfært að fullu árið 2017. Auk þess var gjaldfærður hluti af framlögum í lífeyrisaukasjóð, 2.356 þús. kr. og varúðarsjóð 380 þús. kr., alls 49,1 millj. kr. Það sem eftir stendur var fært sem fyrirframgreiddur kostnaður og gjaldfærast árlega á 30 árum.

Fjármagnsgjöld

Fjármagnsliðir	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Vaxtatekjur af veltufjármunum	-4.000	-4.000	0	0,0%
Vaxtatekjur af eignarhlutum	-3.000	-3.000	0	0,0%
Vaxtatekjur af langtímakröfum	-83.561	-65.482	18.079	-21,6%
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum	1.620	2.000	380	23,5%
Vaxtagjöld af langtímaskuldum	129.876	100.312	-29.564	-22,8%
Fjármagnstekjuskattur	1.000	1.000	0	0,0%
Samtals	41.935	30.830	-11.105	-26,5%

Fjármagnsgjöld og -tekjur eru áætlaðar til samræmis við verðlagsþróun bæði tekju- og gjaldamegin. Fjármagnskostnaður hefur verið hlutfallslega háur vegna þess að skuldir sveitarfélagsins eru háar. Fjármagnsgjöld hækkuðu verulega árið 2023 og nokkuð árið 2024, en gert er ráð fyrir lægri verðbólgu árið 2025 og þar með er gert ráð fyrir 11,1 millj. kr. lægri kostnaði en árið 2024.



A-hluta sjóðir

Eignasjóður	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Tekjur	-203.816	-221.981	-18.165	8,9%
Rekstrargjöld	57.202	57.839	637	1,1%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	-146.614	-164.142	-17.528	12,0%
Afskriftir	48.846	53.248	4.402	9,0%
Fjármagnsgjöld	83.561	65.482	-18.079	-21,6%
Afkoma ársins	-14.207	-45.412	-31.205	219,6%

Áhaldahús (þjónustumiðstöð)	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Tekjur	-42.154	-48.036	-5.882	14,0%
Rekstrargjöld	38.860	43.808	4.948	12,7%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	-3.294	-4.228	-934	28,4%
Afskriftir	3.294	4.228	934	28,4%
Fjármagnsgjöld	0	0	0	#DIV/0!
Afkoma ársins	0	0	0	#DIV/0!

A-hluta sjóðir sveitarfélagsins hafa verið tveir, eignasjóður og þjónustumiðstöð (áhaldahús), en nú hefur bæst við hlutdeild Grundarfjarðarbæjar í Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.

Í eignasjóði eru árlega afskrifaðar fjárfestingar og jafnframt færðar tekjur af innri leigu fasteigna og búnaðar. Gert er ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu eignasjóðs árið 2025.

Þjónustumiðstöð er rekin á núlli, með framlagi frá aðalsjóði.



B-hluta sjóðir

Hafnarsjóður	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Tekjur	-170.700	-178.110	-7.410	4,3%
Rekstrargjöld	119.249	118.066	-1.183	-1,0%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	-51.451	-60.044	-8.593	16,7%
Afskriftir	13.383	18.906	5.523	41,3%
Fjármagnsgjöld	0	0	0	#DIV/0!
Afkoma ársins	-38.068	-41.138	-3.070	8,1%

Fráveita	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Tekjur	-37.111	-41.542	-4.431	11,9%
Rekstrargjöld	12.458	13.324	866	7,0%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	-24.653	-28.218	-3.565	14,5%
Afskriftir	3.106	3.108	2	0,1%
Fjármagnsgjöld	0	0	0	#DIV/0!
Afkoma ársins	-21.547	-25.110	-3.563	16,5%

Leiguíbúðir	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Tekjur	-1.650	-1.812	-162	9,8%
Rekstrargjöld	2.052	2.281	229	11,2%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	402	469	67	16,7%
Afskriftir	245	245	0	0,0%
Fjármagnsgjöld	0	0	0	#DIV/0!
Afkoma ársins	647	714	67	10,4%

Íbúðir aldraðra	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Tekjur	-22.300	-23.485	-1.185	5,3%
Rekstrargjöld	8.803	9.579	776	8,8%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	-13.497	-13.906	-409	3,0%
Afskriftir	4.304	4.403	99	2,3%
Fjármagnsgjöld	27.616	22.895	-4.721	-17,1%
Afkoma ársins	18.423	13.392	-5.031	-27,3%

Sorphirða og sorpeyðing	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Tekjur	-30.120	-35.876	-5.756	19,1%
Rekstrargjöld	29.267	47.570	18.303	62,5%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	-853	11.694	12.547	-1470,9%
Afskriftir	853	853	0	0,0%
Fjármagnsgjöld	0	0	0	#DIV/0!
Afkoma ársins	0	12.547	12.547	#DIV/0!



Sögumiðstöðin	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Breyting kr.	Breyting %
Tekjur	-5.600	-5.600	0	0,0%
Rekstrargjöld	13.791	15.967	2.176	15,8%
Afkoma fyrir afskriftir og vexti	8.191	10.367	2.176	26,6%
Afskriftir	365	529	164	44,9%
Fjármagnsgjöld	0	0	0	#DIV/0!
Afkoma ársins	8.556	10.896	2.340	27,3%

B-hluta sjóðir sveitarfélagsins eru sex. Það eru hafnarsjóður, fráveita, íbúðir aldraðra, leiguíbúðir, sorphirða og sorpeyðing og Sögumiðstöðin.

Hafnarsjóður, er langstærstur B-hluta sjóða, verður rekinn með sama sniði og verið hefur, en umsvif hafa aukist mikið á síðustu árum og verið fjölgað í starfslíði hafnarinnar. Ráðgert að hagnaður hafnarsjóðs nemi 41,1 milljónum króna á árinu 2025. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu hafnarinnar.

Áætlað er að fráveitan verði gerð upp með nokkrum hagnaði á árinu 2025, en fráveitugjöld eru áætluð til þess að standa undir kostnaði við fráveitukerfi bæjarins og fjármagna nauðsynleg verkefni sem vinna þarf að í útrásakerfi bæjarins.

Íbúðir aldraðra og leiguíbúðir eru reknar með nokkrum halla. Leigan þar hefur einfaldlega ekki staðið undir kostnaði við rekstur og viðhald eignanna. Áætlaður halli lækkar þó milli ára vegna lægri verðbólguþáttar.

Sorphirðan hefur verið rekin með nokkrum halla á liðnum árum.

Sögumiðstöðin er mjög áhugavert verkefni sem enn er í þróun. Í húsinu er rekin starfsemi bókasafns og menningarstarfs, auk þess sem ýmiskonar félagsstarf fer fram í húsinu. Áfram er unnið að stefnumótun varðandi framtíðarstarfsemi hússins.



Niðurlag

Hér hefur verið farið yfir helstu stærðir í fjárhagsáætlun Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2025. Markmiðið er að sinna vel allri grunnstarfsemi sveitarfélagsins og vinna að nauðsynlegu viðhaldi og framkvæmdum í sveitarfélaginu. Áfram verður unnið að hagræðingu hinna mismunandi rekstrarþátta sveitarfélagsins og þar verður sérstaklega kallað eftir liðsinni forstöðumanna og starfsfólks bæjarins.

Að lokum er öllu starfsfólki sem komið hefur að þessari vinnu þakkað fyrir vel unnin störf.

Grundarfirði 12. desember 2024

srs